

**Nd.**

### **311. Tillaga**

til þingsályktunar um ráðstöfun á þjóðjörðinni Kópavogi til væntanlegs hressingarhælis fyrir berklaveika.

**Flutningsmaður: Magnús Jónsson.**

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að veita kvenfjlaginu Hringnum í Reykjavík ókeypis ábúð á þjóðjörðinni Kópavogi þegar hún losnar næst úr ábúð, til þess að þar verði starfrækt hressingarhæli fyrir berklaveikt fólk, og að heimila núverandi ábúanda jarðarinnar að semja við fjelagið um nokkur jarðarafnot, til þess að geta hafið þessa starfsemi.

#### **Greinargerð.**

Kvenfjlagið Hringurinn hefir um mörg undanfarin ár rekið starfsemi í þá átt að liðsinna berklaveiku fólki og varið tii þess stórfje og mikilli vinnu. Hefir fjelagið nú hug á að fullkomna þessa starfsemi með því að koma upp hressingarhæli (rekreationsanstalt) fyrir berklaveikt fólk, sem ýmist þarf ekki beinlinis sjúkráhuússvistar við eða hefir notið hennar án þess þó að hafa fengið fullan bata. Má öllum vera það ljóst, hve mikil nauðsyn er á slíku hæli.

Hælið verður að vera í nánd við Reykjavík, vegna fjelagsins, sem heldur því uppi, og vegna læknishjálpar og tækja og annars, er það þarf að hafa. Mundi það vera vel sett í Kópavogi, svo að segja við hlið berklahælisins á Vífilsstöðum. Eftirgjald eftir jörðina er lítið, um hálf t annað hundrað króna, en á hinn bóginn hefir jörðin talsverða möguleika til umbóta eins og þarf í þessu skyni. Væri það ekki nema lítil viðurkenning til fjelagsins, að það fengi ókeypis ábúð á jörðinni.